

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hólaskóli Hólum í Hjaltadal



Dags eftirlits	15.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hólaskóli	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólar	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500169-4359	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kári Heiðar Árnason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	494922,721 581709,174

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu er varða, að efnainnihald vatns hefur ekki verið mælt skv. ákvæðum starfsleyfisins, að magn heildarfósfors og heildar köfnunarefnis hefur ekki verið mælt skv. ákvæðum starfsleyfisins, að ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila og að grænu bókaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað á tilsettum tíma. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um landeldisstöð fyrir bleikjueldi er að ræða, þar sem hámarkslífmassi í stöðinni má ekki fara yfir 600 tonn á hverjum tíma. Eldisaðstaða er bæði innan- og utandyra. Stöðin stendur við bakka Hjaltadalsár og rennur frárennslið í gegnum tvær settjarnir og þaðan út í Hjaltadalsá. Starfsleyfið gildir til 5. nóvember 2036.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar, skráningar og gagnaskil
- Áætlunir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, o.fl.
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Hólaskóli er nýr rekstraraðili stöðvarinnar og tók við starfsleyfinu frá Fisk Seafood árið 2023. Lítil starfsemi er í stöðinni og hefur verið frá því að rekstraraðili tók við. Í stöðinni er einungis geymdur klakfiskur og aðstaða fyrir litla bleikju tilraun á vegum skólans. Stöðin er komin í söluferli og verður ekki frekari starfsemi í stöðinni, en nú er, af hálfu rekstraraðila.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2021 en ein ábending var sett fram um að undirskrift endurskoðanda vantaði á grænt bókald ársins 2020. Brugðist hefur verið við þeirri ábendingu. Einnig var farið yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Síðustu mælingar á efnalosun í frárennsli skv. gr. 4.3 í starfsleyfi voru gerðar í júní 2020 en gera átti nýja mælingu árið 2023 skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Því er sett frávik þar um.

Rekstraraðili hefur hvorki skilað ársyfirliti né grænu bókaldi fyrir árið 2023 og eru því sett frávik þar um.

Minnt er á að áður en starfsemi verður aukin í stöðinni, hvort heldur sem er af núverandi rekstraraðila eða nýjum aðilum, skal skila til eftirlitsaðila,

- áætlun um meðhöndlun úrgangs skv. gr. 3.10 í starfsleyfi,
- neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar skv. gr. 1.5 í starfsleyfi,
- umhverfismarkmiðum skv. gr. 2.1 í starfsleyfi og
- endurskoðaðri vöktunaráætlun skv. gr. 5.1 í starfsleyfi.

Olía er geymd í tveimur, tvöföldum plastgeymum við stöðina og er hún ætluð fyrir varaafstöð sem knýr dælu fyrir borholur. Borholur rekstraraðila og kynbótastöðvarinnar á Hólum eru samnýttar. Árekstrarvarnir eru um geymana. Engin spilliefni eru geymd í stöðinni.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Rekstraraðili er minntur á að ganga þannig frá búnaði sem ekki er í notkun að ekki sé hætt á að hann fjúki til eða verði lýti á lóðinni.

Ekki er gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004, vegna fjarlægðar stöðvarinnar við sjávarströnd.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak og í útrás frárennslis á a. m.k. þriggja ára fresti. Síðustu mælingar voru gerðar árið 2020.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Mæla skal magn heildarfosfórs og heildar köfnunarefnis a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar við lágmarksfóðrun. Síðustu mælingar voru gerðar árið 2020.
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru hvorki skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda, kynning á breyttu fyrirkomulagi við boðun eftirlits, kynning á heimild UST til álagningu stjórnvaldssekta og sniðmát um áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar. Var rekstraraðili beðinn um að kynna sér gögnin.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.11.2024


Guðbjörg Stella Árnadóttir